



22140103



ICELANDIC A: LITERATURE – STANDARD LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A : LITTÉRATURE – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A: LITERATURA – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1

Friday 9 May 2014 (morning)
Vendredi 9 mai 2014 (matin)
Viernes 9 de mayo de 2014 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a guided literary analysis on one passage only. In your answer you must address both of the guiding questions provided.
- The maximum mark for this examination paper is *[20 marks]*.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez une analyse littéraire dirigée d'un seul des passages. Les deux questions d'orientation fournies doivent être traitées dans votre réponse.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est *[20 points]*.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un análisis literario guiado sobre un solo pasaje. Debe abordar las dos preguntas de orientación en su respuesta.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es *[20 puntos]*.

*Skrifaðu stýrða bókmenntagreiningu um aðeins **annan** textann. Greining þín verður að bregðast við báðum leiðbeinandi spurningunum sem gefnar eru.*

1.

Kvöld eitt í skammdeginu, því fyrsta eftir lok síðari heimsstyrjaldar, stendur þessi gamli maður á miðju gólfi í leikfangaverzlun við aðalgötu höfuðborgarinnar og lítur feiminn á unga stúlku fyrir innan borðið, eins og honum finnst hálf í hvoru sem hann hafi stolizt hingað inn til að gera eitthvað, sem ekki megi, kaupa eitthvað sem ekki sé viðeigandi að hann kaupir. Hann tvístigur og kemur ekki upp orði.

Hvað var það? spyr stúlkan.

Gamalmenninu verður svarafátt, segir þó eftir nokkurt hik: Boltar, fást þeir ekki hér?

Fyrr en varir liggja tveir kassar á búðarborðinu fyrir framan gamla manninn; og í þeim eru margir boltar, af mismunandi stærðum og alla vega litir. Hann horfir á þá um stund, án þess að snerta við þeim. Hann hefur aldrei fyrri haft fyrir framan sig hlut af þessu tagi sem hann veit, að innan stundar getur verið orðinn eign hans. Hann er nokkra stund að átta sig á því, að þetta er raunveruleiki en ekki draumur; að hann þurfti að komast á efri ár og lenda á sveit að nýju til þess að verða svo mikið barn að eyða hýrunni sinni í slíkan óþarfa. En var þetta annars nokkur óþarfi? Varla. Hann fer með höndina upp í skeggið, lítur kjánalega framan í stúlkuna, afsakandi augnaráði eins og gamalmenni eiga sameiginlegust börnum, bandar síðan óákveðið á annan kassann, eins og hann sé að velja bolta, en bendingin verður aðeins orðlaust fál. Og ekki snertir hann við boltunum. Nei. Honum finnst ekki viðeigandi að sigggrónar hendur sínar komi nálægt þessum glansandi, dýrmætu hlutum. Þess vegna aðeins bending, án nokkurra orða; og vandræðalegt tillit, rauð augu og sultardropinn á nefinu þurrkaður burt með handarbakinu. En stúlkan tekur bendinguna sem ákvörðun um að kaupa stærsta boltann. Hún spyr: Þennan hér? Og gamli maðurinn jánkur, ofurlágt en snögg, ekki laus við að vera glettinn, eins og sá sem spilar fjárhættuspil með nokkru samvizkubiti, en vill ekki láta á því bera, heldur brosir um leið og hann stígur nýtt dirfskuspor í leiknum. Höndin fitlar við skeggið.

Svo er það borgunin: Gamli maðurinn dregur upp buddu, nær henni með fálmandi tilburðum innan úr treyjuni sinni, rekur utan af henni seglgarn og leggur það frá sér á borðið. Upp úr buddunni tekur hann það sem gjalda þarf. Það voru einu sinni miklir peningar; nú eru þeir lítilsvirði.

Gjörið svo vel, stúlka mín.

Óstyrkar hendur umlykja pakkann. Það er eins og gamli maðurinn eigi erfitt með að handfjalla þennan dýrgrip, sem þó er hvorki stærri né brothættari en rjólbiti; eiginlega svipar þessum pakka til rjólbita, nema hvað hann er léttari en blessað tóbakið, auk þess bara glingur og hjóm.

Þegar pakkinn er farinn af borðinu, seglgarnið komið utan um budduna og buddan niður í vasa, þokast gamli maðurinn nokkur skref í átt til dyra, nemur svo staðar og snýr við.

Nokkuð fleira? spyr stúlkan.

Haldið þér, að þetta sé nokkuð slæm afmælisgjöf handa litlum krakka? segir gamalmennið svo lágt að varla heyrir.

Unga stúlkan brosir og segir: Þetta er áreiðanlega ágæt afmælisgjöf. Krökkum hlýtur að þykja gaman að fá bolta núna, því þeir hafa ekki fengizt svo lengi. Við fengum þetta sent um daginn, og það fer upp á augabragði.

Gamli maðurinn brosir, voteygur, ánægður, smáglettinn; kinkar kolli, býður góða nótt og þakkar fyrir. Síðasti viðskiptavinur dagsins fer út úr búðinni.

Eliás Mar, „Leikföngin“, *Fálkinn* (1961)

- (a) Sýndu hvernig höfundur notar smáatriði til að draga upp mynd af persónuleika og stöðu gamla mannsins í kaflanum.
- (b) Ræddu þær bókmenntalegu aðferðir sem höfundur notar til að sýna átök á milli kynslóða í kaflanum.

2.

Lækurinn

Leika börn við læki,
ljómar gullin skör.
Sólskin og sunnanvindar,
svanir í heiðaför.

- 5 Lækurinn veit og lækurinn skilur,
því lækurinn streymdi æ.
Lækurinn þekkir allra alda
æsku á sínum bæ.
- 10 Lækurinn sér að brjóstin bylgjast,
að blessað vorið er ákaft og heitt.
Lækurinn veit og lækurinn skilur,
og lækurinn segir ekki neitt.
- 15 Lækurinn veit og lækurinn seiðir,
og lækurinn þekkir hinn falda eld,
því lækurinn hlustaði á elskandi eiða
aldanna liðnu sumarkveld.
- 20 Lækurinn veit og lækurinn skilur,
og lækurinn man þá alla stund,
er árla morguns og aftan síðla
um aldaraðir sóttu hans fund.
- Lækurinn fagnaði leikandi börnum,
og lækurinn döggaði móðurvör
og lækurinn svalaði líðandi manni,
og lækurinn þó hann – við síðustu för.
- 25 Lækurinn veit, hann er lífið á bænum,
og lækurinn kyssir hinn þyrsta munn
og lækurinn hoppar og lækurinn freyðir
og lækurinn fellur í bláa unn.

Stefán frá Hvítadal, *Perlur* (1931)

- (a) Fjallaðu um þær aðferðir sem skáldið beitir til að vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá lesendum ljóðsins.
- (b) Ræddu framsetningu lækjarins og hvernig hún hefur áhrif á skilning þinn á ljóðinu.